MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Kynning á starfi MK

## Fyrir forráðamenn nýnema

Haust 2025

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Hlutverk umsjónarkennara

- Nemendur yngri en 18 ára hafa umsjónarkennara sem þeir hitta í VERA áföngum vikulega.
- Hlutverk umsjónarkennara er meðal annars að fylgjast með skólagöngu nemenda og veita aðstoð og leiðsögn um allt sem viðkemur námi nemenda og gengi í skólanum.
- Umsjónarkennari fylgist með ástundun nemenda og verkefnaskilum.
- Umsjónarkennarinn er sá sem nemendur leita fyrst til ef á þarf að halda.
- Umsjónarkennari er í nánu samstarfi við námsráðgjafa og stjórnendur ef á þarf að halda.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# VERA1AA01

- VERA stendur fyrir Virðing, efling, rökhugsun og atorka.
  - VERA áfangar eru samtals fimm:
    - VERA 1AA01, 1AB01, 1AC01, 1AD01
    - 2BA01 (2BA tekinn á lokaönn)

- Í þessum fyrsta áfanga læra nemendur ýmis hagnýt atriði er varða skólagöngu þeirra, s.s. skólareglur, tölvukerfi, bókasafn, félagslíf o.fl.
- Nemendur fá þjálfun sem gagnast þeim í öðru námi við skólann eins og hópastarfi, samskiptum, framkomu og tjáningu. Einnig er fjallað um réttindi þeirra og skyldur sem nemendur og borgarar í lýðræðisríki.
- Markmið áfangans eru m.a. að nemendur beri sjálfir ábyrgð á námi sínu og geri sér raunhæfa áætlun um námsferil og samsetningu námsins með tilliti til framtíðaráætlana í námi og starfi.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Heimasíða MK



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Skólareglur og umgengni

- Mikilvægt að kynna sér skólareglur MK en þær má finna á heimasíðunni.
- Þar eru upplýsingar varðandi:
  - Mætingar, leyfi og veikindi.
  - Notkun snjalltækja í kennslustund.
  - Námsmat og námsframvindu.
  - Umgengni, skóskápa og inniskó.
  - Prófareglur.

https://www.mk.is/is/nemendur/reglur

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# INNA

- Upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla.
- Þar er haldið utan um skipulag náms, skráningu nemenda, stundatöflu, próftöflu, námsferil, einkunnir og viðveru.
- Forráðamenn hafa sjálfkrafa aðgang að INNU að 18 ára aldri nemandans og geta fylgst með viðveru og námsferli – þegar nemandi verður 18 ára getur **nemandi** áfram veitt forráðamanni aðgang.
- Aðgangur að INNU er með rafrænum skilríkjum í gegnum heimasíðu MK eða inna.is.

**Mjög mikilvægt er að forráðamenn yfirfari upplýsingar og að símanúmer og netföng séu rétt skráð.**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Moodle

- Moodle er kennsluumhverfi þar sem hver og einn áfangi hefur sitt svæði. Kennarar setja þar inn kennsluáætlanir, dagbók, próf, verkefnaskil, námsefni og ýmislegt varðandi dagleg samskipti kennara og nemenda.
- Forráðamenn eru <u>ekki</u> með aðgang að Moodle en geta fengið aðgangsorð og lykilorð hjá börnum sínum vilji þeir fylgjast með.

**Mikilvægt er að nemendur hafi rafræn skilríki til að komast inn á Office365 og Moodle.**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Stokkatafla

## Stokkatafla MK haust 2025

| Tími | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| 08:20 - 09:10 | Stokkur 2 | Stokkur 1 | Stokkur 3 | Faglsamst./fundir | Stokkur 4 |
| 09:10 - 10:00 | Stokkur 2 | Stokkur 1 | Stokkur 3 | Faglsamst./fundir | Stokkur 4 |
| 10:15 - 11:05 | Verkefnatími | Stokkur 2 | Stokkur 4 | Stokkur 3 | Verkefnatími |
| 11:10 - 12:00 | Stokkur 3 | Stokkur 4 | Stokkur 1 | Stokkur 1 | Stokkur 2 |
| 12:00 - 12:30 | M | A | T | U | R |
| 12:30 - 13:20 | Stokkur 6 | Stokkur 5 | Stokkur 8 | Stokkur 5 | Stokkur 7 |
| 13:25 - 14:15 | Stokkur 5 | Stokkur 6 | Stokkur 7 | Stokkur 8 | |
| 14:15 - 15:05 | Stokkur 5 | Stokkur 6 | Stokkur 7 | Stokkur 8 | |
| 15:10 - 16:00 | Stokkur 8 | Stokkur 7 | Faglsamst./fundir | Stokkur 6 | |

# Mætingakerfið

- 90% lágmarks skólasókn er yfir önnina.
- Leyfi eru veitt í undantekningartilfellum. Skila þarf inn leyfisbréfi sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans.
- Á heimasíðu skólans er skóladagatal 2025-2026, þar má sjá prófatímabil, vetrarfrí, jólafrí o.fl.
  - Forráðamenn eru hvattir til að virða kennsludaga og taka börn sín ekki úr skólanum á starfstíma skólans.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Reglur um skólasókn

- Aðstoðarskólameistari sendir út ástundun í hverri viku.
  - Fari nemandi niður fyrir 95% mætingu á önn er viðtal við umsjónarkennara.
  - Fari nemandi niður fyrir 92% mætingu á önn er viðtal við námsráðgjafa.
  - Fari nemandi niður fyrir 90% mætingu á önn er send rafræn viðvörun á nemanda og forráðamann.
  - Fari nemandi niður fyrir 85% mætingu á önn er viðtal við aðstoðarskólameistara með forráðamanni.
  - Fari nemandi niður fyrir 80% mætingu á önn er heimilt að vísa nemanda úr skóla.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Veikindi

- Veikindi eru skráð í gegnum INNU og er eingöngu hægt að skrá samdægurs.
- Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára skrá sig á INNU með sínum rafrænu skilríkjum (ekki nemandans).
- Mikilvægt að tilkynna veikindi **alla daga** sem nemandi er fjarverandi.
- Starfsmaður skólans þarf að samþykkja veikindaskráningu svo hún færist í viðveruskráningu.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Skammtímaleyfi

- Hægt er að sækja um leyfi fyrir staka tíma eða einn dag en lengri leyfi þarf að sækja um til aðstoðarskólameistara á sérstöku eyðublaði.
- Skammtímaleyfi eru skráð í INNU og **nauðsynlegt að setja skýringu** með því annars er leyfi ekki samþykkt.
  - Þetta eru til dæmis heimsóknir til tannlæknis, læknis, sjúkraþjálfara o.þ.h. sem geta ekki farið fram utan skólatíma.
  - Mjög mikilvægt er að gera greinarmun á veikindaskráningu og leyfisbeiðni.
- Leyfisbeiðnir þurfa að koma samdægurs.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Námsaðstoð

- Lögð er áhersla á símat en þó eru lokapróf í einhverjum áföngum. Lokapróf í desember og maí eru 90 mínútur en allir nemendur mega sitja í 120 mínútur.
- Verkefnatímar eru í stundatöflum allra nemenda. Þar eru faggreinakennarar til viðtals og nemendur geta fengið frekari aðstoð við námsefni og verkefni.
- Öllum nemendum stendur til boða talgervill sem les upp verkefni og próf.
- Nemendur fá aðstoð frá umsjónarkennurum, áfangastjóra og námsráðgjöfum við skipulagningu námsins og val á hverri önn.
- Hafi nemandi greiningu um námsvanda er nauðsynlegt að panta viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa. Engin gögn fylgja nemendum frá grunnskólanum.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Nemendaþjónusta

- Bókasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur skólans.
  - Þar er góð vinnuaðstaða fyrir nemendur og hægt að fá lánaðar tölvur innan dagsins í undantekningartilfellum.
  - Nemendur geta prentað þar út og ljósritað en nemendur fá úthlutað prentkvóta (50 eintök) í byrjun annar.
  - Bókasafnið á podcast upptökutæki sem nemendur geta fengið afnot af innan skólans.
  - Verið er að endurnýja bókasafnið og opnar það vonandi í september aftur.
- Tölvuþjónusta skólans er staðsett á skrifstofunni. Þar geta nemendur fengið ýmiskonar aðstoð við vandamál sem upp koma vegna tölvumála tolvuthjonusta@mk.is

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Nemendaþjónusta

- Þrír náms- og starfsráðgjafar eru starfandi við skólann og er opið hjá þeim á skólatíma:
  - Hægt er að bóka ráðgjöf á heimasíðu skólans eða senda póst á netfangið namsradgjof@mk.is
- Sálfræðingur skólans er Ásrún Á. Jónsdóttir. Hún veitir nemendum skólans sálfræðiþjónustu þeim að kostnaðarlausu.
  - Hægt er að bóka viðtal á heimasíðu skólans eða senda póst á asrun.jonsdottir@mk.is
- Hjúkrunarfræðingur skólans er með viðveru tvisvar í viku.
  - Boðið upp á fræðslu og ráðgjöf við vægum vanda, s.s. tengdum geðheilbrigði, kynheilbrigði, félagslegum vanda og almennu heilbrigði.
  - Hægt er að bóka tíma á mk@heilsugaeslan.is

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Nemendaþjónusta

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Um skólann | Þjónusta | Starfsfólk | Hafa samband | Inna | Moodle | Office 365

NÁMSRÁÐGJAFAR | SÁLFRÆÐINGUR | HJÚKRUNARFRÆÐINGUR | BÓKASAFN | TÖLVUÞJÓNUSTA

## NEMENDAÞJÓNUSTA Í MK

Við Menntaskólann í Kópavogi er rekið öflugt þjónustunet fyrir nemendur. Við skólann starfa þrír **náms- og starfsráðgjafar**. Hlutverk þeirra er að aðstoða nemendur með allt sem getur haft áhrif á nám þeirra og námsárangur eins og náms- og starfsval og persónuleg mál. **Sálfræðingur** skólans og **skólahjúkrunarfræðingur** sinna nemendum þeim að kostnaðarlausu.

Allir nemendur undir 18 ára aldri fá **umsjónarkennara**. Umsjónarkennari er nemendum innan handar um allt er lýtur að náminu. Skólinn leggur áherslu á öfluga **kerfisstjórn** og að bjóða á hverjum tíma fljótvirka og örugga tækniþjónustu fyrir starfsmenn og nemendur. **Bókasafnið** styður við bakið á öllum kennslugreinum. Þar er aðgangur að sérfræðingum sem m.a. kenna nemendum upplýsingaleit. Á **skrifstofu skólans** geta nemendur nálgast skólavottorð, afrit af skírteinum og almennar upplýsingar um skólann.

## BÓKAÐU TÍMA

- Námsráðgjafi
- Sálfræðingur
- Skólahjúkrunar fræðingur

## ÝMSIR GAGNLEGIR TENGLAR

- Prentari
- Lykilorð og MFA-leiðbeiningar
- Nýr nemandi

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Hagnýtar upplýsingar

- Nemendur fá skáp í byrjun skólaárs þar sem þeir geta geymt útiskó og námsgögn. Ekki er leyfilegt að vera í útiskóm í skólanum.
- Mötuneyti skólans er opið 8:00 – 15:30 (föstudaga til 14:00). Nemendur geta keypt heita máltíð í hádeginu eftir vigt. Matseðill birtist vikulega á mk.is. Eins eru sjálfsalar í skólanum.
- Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga er boðið upp á hafragraut á morgnana nemendum að kostnaðarlausu.
- Nemendur geta komið með nesti. Örbylgjuofn og samlokugrill er á staðnum.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Íþróttir í MK

- **Sporthúsið ÍÞRÓ1AA01**
  - Allir nýnemar eru skráðir í Sporthúsið og mæta þangað í stað hefðbundinna íþróttatíma.
  - Nemendur mæta þegar þeim hentar en lágmarksmæting er í 23 skipti í að minnsta kosti klukkustund til að fá eina einingu.
  - Hægt er að æfa í Sporthúsinu frá 1. sept – 5. des 2025.

- **Þjálfun ÍÞRÓ1AA01ÞJ**
  - Þeir nemendur sem æfa í annarri líkamsræktarstöð eða hjá íþróttafélagi geta fengið einingu fyrir og þurfa að skila inn eyðublaði í síðasta lagi 1. september.
  - Bæði þarf að skila inn áætlun í upphafi annar og staðfestingu Í lok annar sem þurfa að vera undirritaðar og með stimpli til að teljast gildar. Sjá eyðublöð á mk.is.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Eyðublað vegna íþrótta

Um skólann · Þjónusta · Starfsfólk · Hafa samband · Inna · Moodle · Office 365

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

NEMENDUR · BÓKNÁM · MATVÆLASKÓLI · LEIÐSÖGUSKÓLI · AFREKSSVIÐ · INNRITUN

- Skólareglur
- Ósk um tímabundna fjarveru
- Mat á fyrra/öðru námi
- Íþróttir
- NMK
- Skóladagatal

IS / NEMENDUR / ÍÞRÓTTIR

## Íþróttir

**Íþróttir í MK – Skipulag haustannar 2024**

Nemendur sem eru skráðir í íþróttir **ÍÞRÓ1AA01** fá aðgang ... yfingu þar.

**Nemendur á afrekssviðinu eru ekki skráðir í hefðbundna íþróttaáfanga skólans.**

Til að standast íþróttir þarf á þessari önn að **ná að lágmarki 23 skiptum** (1 klst. í senn) á tímabilinu **2. september til 6. desember.** Eftir það er ekki hægt að skila inn mætingum fyrir íþróttir.

Ef nemandi mætir að lágmarki 46 sinnum eða oftar í **Sporthúsið** getur hann fengið 2 íþróttaeiningar fyrir önnina. Ekki er hægt að fá fleiri en 2 einingar fyrir íþróttir á hverri önn. Nemandi getur að hámarki fengið 6 einingar fyrir íþróttaiðkun á námstímanum.

Nýnemar, eða eldri nemendur sem eru að mæta í fyrsta skiptið í Sporthúsið, þurfa að senda tölvupóst á Inga í Sporthúsinu ingi@sporthusid.is og bóka tíma hjá honum áður en þeir mæta í fyrsta skiptið. Í þessum fyrsta tíma leiðbeinir Ingi nemendum með alla þjálfun og aðstöðu í Sporthúsinu.

Ef þið stundið íþróttir undir stjórn þjálfara hjá íþróttafélögum innan ÍSÍ, eða á öðrum líkamsræktarstöðvum en Sporthúsinu, getið þið sótt um að fá annan íþróttaáfanga metinn sem heitir **ÍÞRÓ1AA01ÞJ.** Nemandi sem vill skrá sig í þennan íþróttaáfanga og fá hann metinn þarf að gera eftirfarandi:

- Skila **áætlunarblaði** með undirritun þjálfara og stimpli íþróttafélags eða líkamsræktarstöðvar vegna þessarar íþróttaiðkunnar til skrifstofunnar í síðasta lagi **2. september.**
- Skila **staðfestingarblaði** með undirritun þjálfara og stimpli íþróttafélags eða líkamsræktarstöðvar til skrifstofunnar föstudaginn **6. desember.**

**Þið finnið bæði áætlunar- og staðfestingarblaðið hér:**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Afrekssvið

- Nemendur á afrekssviði eru ekki skráðir í íþróttaáfanga.
- Þeir eru skráðir í AFRK1AA05 þar sem er einn bóklegur tími á viku auk verklegra tíma.
- Foreldrafundur vegna afrekssviðs verður auglýstur síðar.
- Sjá nánari upplýsingar um afrekssviðið á heimasíðu skólans: https://www.mk.is/afrekssvid

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Skilríki

- Nemendur þurfa að framvísa skilríkjum í lokaprófum í desember og maí.
- Nemendur þurfa einnig að framvísa skilríkjum þegar miðar á böll eru sóttir.
  - Ökuskírteini og nafnskírteini eru gild skilríki. Einnig er hægt að sýna skráningu í  Innu. Ekki er nauðsynlegt að koma með vegabréf.
  - Hægt að sækja um nafnskírteini hjá Sýslumanni sem kostar 4.600 kr.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Takk fyrir með von um gott samstarf í vetur ☺